

Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum

Ársskýrsla 2013



MIDSTÖÐ SÍMENNTUNAR
Á SUÐURNESJUM

Efnisyfirlit

Ávarp stjórnarformanns	3
Inngangur forstöðumanns	4
Stjórn MSS	6
Starfsfólk MSS	7
Skóli fyrir fullorðna	8
Nám fyrir innflytjendur	10
Nám fyrir einstaklinga	11
Fjarnám	12
Fullorðinsfræðsla Fatlaðra	13
Náms og starfsráðgjöf	14
Fyrirtækjapjónusta	16
Erlent samstarf	17
Starfstöð MSS í Grindavík	18
Þróunarverkefni	19
Ársreikningur 2013	21

Ávarp stjórnarformanns



Eitt af lykilatriðunum við uppbyggingu Miðstöðvar símenntunar á Suðurnesjum hefur verið það aðalsmerki hennar að aðlaga sig að aðstæðum og þörfum skjólstæðinga sinna hverju sinni.

Í gegnum starf miðstöðvarinnar hefur því mátt sjá glögg merki þess hvernig almennt gengur í þjóðlífinu. Þannig einkenndust bóluárin af íslenskukennslu fyrir erlenda ríkisborgara og kreppuárin af úrræðum fyrir atvinnulausa á vinnumarkaði. Þegar herinn fór brást miðstöðin við hratt og örugglega. Setti upp fræðslu og þjónustu fyrir fyrrverandi starfsmenn varnarliðsins í atvinnuleit, þróaði úrræði, leiðbeindi, en síðast en ekki síst, gaf fólkinu von.

MSS hefur því verið í beinum tengslum við samfélagið og þau verkefni sem það er að fást við hverju sinni. Þessi geta til að aðlaga sig að þörfum skjólstæðinganna, íbúa á Suðurnesjum, hefur því reynst vel. Þar er ekki síst að þakka starfsfólki miðstöðvarinnar sem ávallt er vakandi fyrir þörfum samfélagsins í störfum sínum.

Nú er MSS að komast á enn eitt skeiðið. Þrátt fyrir það langtímaatvinnuleysi sem við búum við hér á Suðurnesjum, hefur dregið úr umsvifum í þjónustu miðstöðvarinnar við þann hóp. Nokkur atriði spila þar inni, stór hluti atvinnulausra er einfaldlega búinn að ganga í gegnum þau úrræði sem í boði hafa verið, yfirvöld hafa lagt meiri áherslu á tímabundin bein atvinnuúrræði, í stað fræðslu. Auk þess sem ábyrgð þeirra hefur flust af höndum hins opinbera yfir á sveitarfélögin.

Framundan eru því nýir tímar í þeim skilningi að starfsemi miðstöðvarinnar er nú enn á ný að aðlaga sig að breyttum þörfum skjólstæðinganna, sem eru eftir sem áður hinir sömu, það er að segja íbúar á Suðurnesjum. Það er ekki endilega einfalt mál að finna út hverjar þessar þarfir eru. Framboð af símenntunarmöguleikum stýrist að miklu leyti af sjóðum, ýmist frá ríkinu eða atvinnulífi, sem taka ekki endilega mið af beinum þörfum Suðurnesjamanna. Jafnframt er menntunarumhverfið í sífelldum breytingum með nýsköpun í öðrum stofnunum svo sem Fjölbautaskóla Suðurnesja, eða uppbyggingu Keilis á Ásbrú og stofnun Fisktækniskólans í Grindavík. Þessir aðilar hafa, ásamt MSS, fleytt menntunarumhverfinu á Suðurnesjum fram veginn á undanförunum árum, með auknu framboði möguleika, bæði fyrir þá sem eru að

ganga hinn hefðbundna menntaveg sem og þeirra sem eru að snúa aftur í nám. Miðstöðin er því ekki eyland í þeim skilningi að hennar tilgangur sé að keppa við aðrar stofnanir eða fyrirtæki um skjólstæðinga, heldur vinnur hún útfra því hvernig hún geti bætt við úrvalið, þannig að allir geti fundið sér menntun við hæfi.

Sem Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum þjónar hún tilgangi sínum best með því að vera nafni sínu og uppruna samkvæm. Miðstöð sem allir geta leitað til, burtséð frá því hvaða þarfir þeir hafa eða hvaða leið þeir vilja velja sér. Með því að sinna því hlutverki sínu skapast mikil þekking innanbúðar hjá Miðstöðinni í gegnum samskipti við skjólstæðingana á því hvað þurfi að bæta í menntaframboði til að allir finni eitthvað við sitt hæfi. Það er ekki síst í þessu hlutverki sem Miðstöðin hefur staðið í fararbroddi á landsvísu að þróa úrræði sem henta markaðnum hverju sinni ef svo má að orði komast. Þannig hafa mörg verkefni sem í dag eru í einu formi eða öðru orðin að eðlilegu framboði símenntunarstöðvanna á landsvísu átt upptök sín í viðleitni MSS til að þjóna Suðurnesjamönnum.

Undanfarin ár hafa einkennst af mikilli eftirspurn frá hinum formlegu sjóðum og úrræðum sem sköpuð hafa verið til að bregðast við vandanum sem fylgdi atvinnuleysi undanfarinnar ára. Eðli máls samkvæmt hefur þetta kostað mikla vinnu og ekki verið tækifæri til að sinna öðrum þróunarverkefnum af sama krafti og áður var.

Nú þegar hægist um skapast svigrúm fyrir Miðstöðina til að beita sér af meiri krafti á nýjum sviðum, sækja fram í málflutningi sínum fyrir gildi símenntunar í samfélaginu og þróa nýjar leiðir til að mæta þörfum skjólstæðinganna með nærþjónustu sinni samanbúið við þau miðstýrðu úrræði sem hafa verið ríkjandi undanfarin ár.

Miðstöðin hefur ávallt sniðið sér stakk eftir vexti. Það breytist ekki, en það verður spennandi að fylgjast með komandi misserum og þeim lausnum sem Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum mun finna til að halda áfram að bæta samfélagið.

Sigurður Guðlaugsson
Stjórnarformaður MSS

Inngangur forstöðumanns



Sveigjanleiki hefur verið lykilatriði í starfsemi **MSS** frá upphafi og starfsemin tekið mið af kröfum samfélagsins hverju sinni. Þegar atvinnuleysið var sem mest þá þjónustaði **MSS** atvinnuleitendur í miklu mæli þar sem boðið var upp á einstaklings- og hópráðgjöf og fjölbreyttar námsleiðir. Þegar atvinnuástandið lagaðist og úrræðafé Vinnumálastofnunar minnkaði þjónustaði **MSS** atvinnulífina í auknu mæli en á skömmum tíma gat stofnunin aðlagð sig að breyttum aðstæðum. Því má þakka starfsfólki sem kappkostar að þjóna þörfum samfélagsins eins og það er hverju sinni.

Viðurkenningar

Mikið hefur verið unnið í gæðamálum MSS undanfarin ár en sú vinna skilaði sér til baka á árinu. Árið 2013 fékk Miðstöðin EQM vottun Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins. EQM vottunin staðfestir að miðstöðin hafi staðist gæðavottun skv. European Quality Mark (EQM) gæðaviðmiðunum. Með gæðavottun EQM er staðfest að starfsemin stenst evrópskar kröfur um gæði fræðslustarfsemi.

MSS hlaut einnig viðurkenningu frá Mennta- og menningar- málaráðuneytinu sem aðili til að annast framhaldsfræðslu á Íslandi. Viðurkenning þessi byggir á lögum um framhaldsfræðslu frá árinu 2010. Viðurkenningin byggist á mati á aðstöðu til kennslu, skipulagi náms, námskrám, þekkingu, reynslu, fjárhagsmálefnum, tryggingum og gæðakerfi.


Gæðanám hjá MSS

MSS hefur það að markmiði að bjóða framúrskarandi kennlu fyrir fullorðna námsmenn. Til þess að svo megi verða er mikilvægt að huga að gæðum náms og kennslu og mæla árangur og stöðu hverju sinni. Svo unnt sé að mæla eða meta gæði þarf að skapa sameiginlega sýn þeirra sem starfa við nám og kennslu hjá MSS um það hvað einkennir gæðanám hjá miðstöðinni.


Á námskeiði um miðlunaraðferðina unnu verkefnastjórar og leiðbeinendur saman að því að skilgreina áherslur og lykilatriði í námi og kennslu hjá MSS. Athygli vakti að megin þema í niðurstöðunum voru orðin: fjölbreytni, gaman, skapandi og samstarf en þessi hugtök endurspeglar að miklu leyti það starf sem unnið er hjá MSS og geta slegið tóninn í sköpun framtíðarsýnar varðandi nám og kennslu.

Árangur starfsins

Mikilvægt er að skoða hvort árangur hafi náðst af þeirri starfsemi sem við sinnum. MSS ákvað í júní að hringja út í alla nemendur sem lokið höfðu tilteknum námsleiðum MSS. Þær námsleiðir voru Menntastöðir, Grunnmenntaskólinn, Aftur í nám, Fjörefni og Skrifstofuskólinn. Úrtakið voru 526 fyrrverandi nemendur, en það náðist í 67% af hópnum. Niðurstaðan var góð að mati starfsmanna og getum við vel við unað og verið sátt með þann árangur sem hlotist hefur.



Niðurstöður sýndu að um 60% nemenda í þessum tilteknum námsleiðum höfðu farið í áframhaldandi nám að lokinni námsleið og að um 94% af þeim höfðu hug á áframhaldandi námi. Af þeim sem höfðu farið áfram í nám voru um 67% sem höfðu farið í Háskólabrú/frumgreinadeild og 11% höfðu farið í hefðbundinn framhaldsskóla í bóklegt nám eða iðnnám. Það sýndi sig að nám hjá MSS hafði mikil áhrif á líf nemenda.



Flestir töldu námið hafa áhrif á löngun til áframhaldandi náms og það hefði haft góð áhrif á sitt persónulegt líf. 25-50% töldu að námið hefði haft áhrif á starfsmöguleika sína.

Af þeim sem fóru ekki í áframhaldandi nám voru yfir 50% sem nefndu sem ástæðu að þau væru í vinnu og 14,5% nefndu fjárhagslega erfiðleika. Af þeim sem svöruðu stefna 76% nemenda á áframhaldandi nám í framtíðinni.

Staða þeirra sem tóku þátt í könnunni var sú að 58,3% voru í vinnu þegar könnunin var framkvæmd, 28,5% voru í námi, 10% voru í atvinnuleit og 12,4% nefndu annað. Sérstaka athygli vakti að 80% nemenda af námsleiðinni Fjörefni, sem er ætlað ungum atvinnuleitendum, voru komin í vinnu þegar könnunin var gerð. Það telst vera mjög góður árangur og hefur vakið verðskuldaða athygli.

Það hefur sýnt sig að Miðstöðin sinnir margþættu hlutverki á Suðurnesjum og mun halda því áfram. Innan MSS starfar fólk með fjölbreytta menntun og reynslu sem hefur nýst vel í þeim miklu breytingum sem hafa átt sér stað innan sem utan stofnunarinnar. Framtíðin felur í sér mörg og spennandi tækifæri sem verður tekist á við með sama krafti og hefur einkennt starfið hingað til.

Að lokum vil ég þakka stjórn MSS og starfsfólki fyrir einstaklega gott samstarf á árinu.

Guðjónína Sæmundsdóttir
Forstöðumaður MSS

Stjórn MSS

Breytingar urðu á stjórn MSS á árinu en Inga Sigrún Atladóttir fór úr stjórn um mitt ár. Kristín María Birgisdóttir tók hennar sæti fyrir hönd SSS.

Stjórn Miðstöðvar símenntunar á Suðurnesjum árið 2013 frá janúar – ágúst 2013

Inga Sigrún Atladóttir, Stjórnarformaður
Sambandi sveitarfélaga á Suðurnesjum.

Sigurgestur Guðlaugsson,
Varaformaður Reykjanesbæ.

Ellert Eiríksson,
Atvinnurekendum.

Guðbrandur Einarsson,
Stéttarfélagum.

Kristján Ásmundsson,
Fjölbrautaskóli Suðurnesja.

Varamaður Ingu Sigrúnar: **Puríður Gísladóttir**,
Sambandi sveitarfélaga á Suðurnesjum.

Varamaður Sigurgests: **Dröfn Rafnsdóttir**,
Reykjanesbæ.

Varamaður Kristjáns: **Guðlaug M. Pálsdóttir**,
Fjölbrautaskóli Suðurnesja.

Varamaður Guðbrands: **Kristján Gunnarsson**,
Verkalýðs- og sjómannafélag Keflavíkur og nágrennis.



Stjórn Miðstöðvar símenntunar á Suðurnesjum árið 2013 frá september – desember 2013

Sigurgestur Guðlaugsson,
Stjórnarformaður Reykjanesbæ.

Guðbrandur Einarsson,
Varaformaður Stéttarfélagum.

Ellert Eiríksson,
Atvinnurekendum.

Kristín María Birgisdóttir,
Sambandi sveitarfélaga á Suðurnesjum.

Kristján Ásmundsson,
Fjölbrautaskóla Suðurnesja.

Varamaður Kristínar: **Puríður Gísladóttir**,
Sambandi sveitarfélaga á Suðurnesjum.

Varamaður Sigurgests: **Dröfn Rafnsdóttir**,
Reykjanesbæ.

Varamaður Kristjáns: **Guðlaug M. Pálsdóttir**,
Fjölbrautaskóli Suðurnesja.

Varamaður Guðbrands: **Kristján Gunnarsson**,
Verkalýðs- og sjómannafélag Keflavíkur og nágrennis.

Stjórnin hélt 5 bókaða fundi á árinu 2013.

Starfsfólk MSS

Anna Lóa Ólafsdóttir,

náms- og starfsráðgjafi, í 100% starfi.

Ásdís Vilborg Pálsdóttir,

skrifstofustjóri, í 50% starfi til 30. júní.

Birna Vilborg Jakobsdóttir,

verkefnastjóri atvinnulífs, í 75% starfi til 1. september,
í 100% starfi frá 1. september.

Eva A. Alexdóttir,

ráðgjafi fyrir Pólverja, í 50% starfi til 1. mars.

Eydís Eyjólfsdóttir,

þjónustufulltrúi, í 90% starfi frá 1. ágúst.

Eyðna Fossdal,

þjónustufulltrúi, í 50% starfi til 1. nóvember.
Var í barneignarleyfi til 1. maí.

Guðjónína Sæmundsdóttir,

forstöðumaður, í 100% starfi.

Hjörleifur Þór Hannesson,

verkefnastjóri, í 100% starfi.

Hrönn Auður Gestsdóttir,

þjónustufulltrúi, í 100% starfi.



Jenný Þórkatla Magnúsdóttir,

verkefnastjóri, í 100% starfi. Var í barneignarleyfi
til 1. nóvember.

Jónína Magnúsdóttir,

náms- og starfsráðgjafi, í 100% starfi.

Kristinn Þór Jakobsson,

verkefnastjóri, í 100% starfi.

Kristinn Bergsson,

þjónustufulltrúi, íhlaupavinna.

Ragnheiður Eyjólfsdóttir,

verkefnastjóri, í 100% starfi.
Var í barneignarleyfi til 1. nóvember.

Sveindís Valdimarsdóttir,

verkefnastjóri íslenskunámskeiða, í 100% starfi.

Særún Rósa Ástþórsdóttir,

verkefnastjóri, í 100% starfi.


Unnar Sigurðsson,

verkefnastjóri, í 100% starfi.

Skóli fyrir fullorðna

Undanfarið hefur Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum fest sig enn betur í sessi sem valkostur í námi fullorðinna. Markvisst hefur verið unnið að því að koma á framfæri þeim áherslum sem miðstöðin stendur fyrir og þeim fjölbreyttu námstækifærum sem boðið er uppá innan veggja MSS. Markmiðið er að styrkja þá mynd í hugum fólks að MSS sé skóli þar sem fullorðnir námsmenn hafa tækifæri til þess að nema og efla færni sína á tilteknum sviðum. Hjá miðstöðinni geta þeir fundið styttri og lengri námsleiðir, unnið að sjálfstyrkingu og markvisst styrkt stöðu sína til náms eða á vinnumarkaði. Með meiri sýnileika í samfélaginu og aukinni umræðu um fullorðna námsmenn, aðstæður þeirra og áhrif sem nám og menntun getur haft á líf einstaklingsins er þeirri hugmynd komið til skila að nám á fullorðinsárum sé eftirsóknarvert og raunhæfur möguleiki fyrir flesta, ef ekki alla.

MSS leggur metnað í að þróa og kenna fjölbreyttar námsleiðir og nýta margvíslegar aðferðir við nám og kennslu. Fjarnámsleiðir hafa skipað aukinn sess og hafa samstarfsverkefni við aðrar miðstöðvar gert það mögulegt að kenna fleiri námsleiðir með fjarnámssniði. Samstarfið hefur verið öflugt og stefnir miðstöðin að enn frekara samvinnu á komandi önnum. Þá fer hlutur tækni í námi og kennslu vaxandi og hafa leiðbeinendur og verkefnastjórar þróað sig áfram með ný kerfi og aðferðir.



Námsleiðir og smiðjur

MSS hefur boðið upp á margar bóklegar námsleiðir í samstarfi við Fræðslumiðstöð atvinnulífsins.

Þar má nefna Grunnmenntaskólann og Menntastoðir en þar er lögð áhersla á almennar greinar, upplýsingatækni og sjálfstyrkingu. Skrifstofuskólann, sem er nám tengt störfum í skrifstofugreinum og Aftur í nám, námsleiðir fyrir lesblinda.

Grunnmenntaskólinn er 300 kennslustunda nám sem miðast við grunn í bóklegum fögum. Leiðin hentar vel fyrir þá sem hafa litla formlega menntun og jafnvel ekki lokið grunnskóla. Reynslan hefur sýnt að Grunnmenntaskólinn er góður undirbúningur fyrir Menntastoðir og að skapa má samfelli í námi með þessum leiðum og þannig bæta möguleika brottfallsnemenda til þess að fara aftur af stað í nám. Eins hefur Grunnmenntaskólinn reynst góð leið fyrir nemendur með íslensku sem annað tungumál til þess að þjálfra talað mál sem og ritað. Um 20 nemendur luku Grunnmenntaskólanum árið 2013 og nokkuð stór hluti þeirra hélt áfram í meira nám, t.d. í Menntastoðum.

Menntastoðir njóta síaukinna vinsælda hjá miðstöðinni og hefur námsleiðin sannarlega fest sig í sessi. Boðið er upp á þrjár leiðir þ.e. staðnám, dreifinám og fjarnám en árið 2013 var einnig boðið upp á dreifinám í Grindavík.



Sífelld fleiri nýta sér námsleiðina sem fyrsta skref að frekara námi og stór hluti útskrifaðra halda áfram í nám. Vel hefur tekist að sporna við brottfalli nemenda úr námsleiðinni en mikið álag og hraði í náminu hefur oft reynst nemendum erfiður þröskuldur. Aukin sjálfstyrking, betri tengsl við verkefnastjóra og náms- og starfsráðgjafa hefur stuðlað að því að brottfall er mun minna en áður, hóparnir eru sam heldnari og einstaklingarnir metnaðarfullri fyrir vikið. Skrifstofuskólinn er námsleið tengd skrifstofugreinum og er ætluð þeim sem hafa stutta formlega skólagöngu að baki eða þeim sem vilja efla sig í starfi. Lokamarkmið leiðarinnar er m.a. að nemendur efla færni, auki sjálfs-traust og hæfni til þess að starfa á nútímaskrifstofu. Leiðin hefur notið vinsælda og ný tækifæri skapast t.d. með raunfærnimati, unnið í samstarfi við Menntaskólann í Kópavogi.

Aftur í nám er námsleið sem hefur skapað sér sess í samfélaginu en leiðin er ætluð lesblindum einstaklingum og byggir á Ron Davis aðferðinni um lesblinduleiðréttingu. Óhætt er að segja að námskeiðið hafi opnað dyr fyrir marga einstaklinga sem töldu að þeir gætu aldrei yfirstigið þá hindrun sem lesblinda getur óneitanlega verið í námi. Leiðin veitir einstaklingum trú á því að þeir geti lært og bætir lífsgæði margra lesblindra einstaklinga.

Undanfarin 2 ár hefur MSS þróað 120 kennslustunda smiðjur eftir námsskrá FA um Opnar smiðjur. Meginmarkmið smiðjanna er að leyfa þátttakendum að kynnast ákveðnum fögum og störfum með því að læra vinnubrögð í gegnum vinnustofur (work shop).

Nám fyrir innflytjendur

Vorið 2013

Alls sóttu 91 nemandi íslenskunámskeið á vorönn, auk þess sem 7 nemendur tóku námskeiðið Færni í ferðaþjónustu I fyrir innflytjendur, sem er 60 kennslustunda nám.

Mikil breyting hefur orðið á íslenskunámskeiðum hjá MSS á árinu 2013. Á síðastliðnum árum hafa flest námskeiðanna verið skipulögð sérstaklega fyrir Vinnumálastofnun og Starf en nú kveður við annan tón og nemendur koma meira inn af götunni og virðast koma í nám vegna innri hvatar fremur en að þeim sé stýrt í námið. Þetta mælum við í almennum áhuga nemenda og aðsókn þeirra á framhaldsnámskeiðin. Það eru því mun fleiri nemendur sem við sjáum fara áfram og einnig er nokkuð um að nemendur kanni möguleikana á framhaldsnámi.

Á vorönn 2013 var m.a. farið af stað með þróunarverkefni sem við kölluðum Íslensku 6 sem var styrkt af Þróunarsjóði Menntamálaráðuneytisins en þangað sóttu nemendur sem ýmist voru í eða stefndu á grunnmenntaskólann eða menntastöðir, voru á leið í framhaldsnám eða út á vinnu- markaðinn, eftir atvinnuleysi.

Færni í ferðaþjónustu fyrir innflytjendur

Farið var af stað með Færni í ferðaþjónustu 1 fyrir innflytjendur og útskrifuðust 7 nemendur vorið 2013. Hér var um að ræða blandaðan hóp, af ólíkum þjóðernum, sem samanstóð af atvinnuleitendum og hælisleitendum. Fyrirhugað er að fara af stað með Færni í ferðaþjónustu 2 fyrir innflytjendur á árinu 2014 ef næst í framhaldshóp ásamt því að efla þennan þátt í skólastarfinu enn fremur, þar sem í hópinn innflytjenda býr mikil tungumálakunnátta og þekking, sem tilvalið er að nýta, ekki síst á þessu svæði þar sem uppbygging í ferðaþjónustu er í örri þróun.


Haustið 2013

Alls sóttu 112 nemendur íslenskunámskeið á haustönn 2013. Þá vorum við einnig með tvo landnemaskólahópa á haustönn og útskrifuðust alls 33 Pólverjar úr landnemaskólanum sem var samstarfsverkefni MSS, Vinnu- málafundunar og Starfs.



Landnemaskólinn er 120 kennslustunda námstilboð. Námið í landnemaskólanum samanstendur af íslensku talmáli, samfélagsfræði, tölvu- og upplýsingamennt, færni og ferilskrá. Allir þátttakendurnir að þessu sinni voru Pólverjar og íslenskukunnátta þeirra var mjög mismikil og fengum við pólskan kennara, Katarzyna Kraciuk í verkefnið. Nemendur voru mjög ánægðir með námskeiðið og þó þeir hafi ekki allir komið inn ánægðir í fyrsta tíma þá voru það einstaklega glaðir nemendur sem útskrifuðust rétt fyrir jólin 2013.

Aukinn áhugi er á landnemaskólanum og bindum við vonir við að við getum enn aukið við fjölbreytni í námi fyrir erlenda nemendur á komandi árum.




Flestir nemenda okkar hafa verið af pólsku bergi en áfram hafa hælisleitendur af ólíkum uppruna sett svip sinn á íslenskuhópinn og litað starfið okkar fjölmenningslegum blæ. Íslenskukennsla á vegum MSS fór fram í Grindavík og í Reykjanesbæ. Flestir íslenskunemendur úr Grindavík komu eins og áður í nám á vegum fiskvinnslufyrirtækja.

Nám fyrir einstaklinga

Gagn og gaman


Flokkurinn Gagn og gaman inniheldur námskeið sem einstaklingar sækja sér jafnan til skemmtunar og fróðleiks. Þátttaka í þessum námskeiðum var minni þetta árið frá árinu áður. Þó voru nokkur námskeið sem fóru af stað hjá MSS og má nefna að námskeið í hekli kom sterkt inn en mikil tíkusveifla var í hekli það árið. Spænska kom inn aftur eftir langt hlé og svo var boðið upp á Ensku talkennslu þar sem lagt var mun meiri áhersla á talað mál á námskeiðinu.



MSS hóf fast samstarf við Skema með námskeið í Leikjaforritun fyrir börn og var góð þátttaka í þau námskeið sem haldin voru í júní. Einnig er MSS í samstarfi við Þekkingarsetur Suðurnesja og auglýsir MSS námskeið fyrir þá og sér um skráningu en Þekkingarsetur Suðurnesja sér um aðra umsjú vegna þessa námskeiða.

Föstu handverksnámskeiðin eins og Handmálun og spaði, skartgripagerð, námskeið í hekli, þrjónanámskeið og fleiri námskeið voru á sínum stað. MSS býður öðrum námskeiðshöldurum að sjá um ákveðna þjónustu gegn vægu gjaldi og á árinu veittum við Félagi myndlistamanna í Reykjanesbæ þjónustu með skráningar og innheimtu á námskeiðsgjöldum fyrir þau námskeið sem fóru af stað hjá FMR.

Í heild sinni voru haldin 25 námskeið í flokknum Gagn og gaman með færri þátttakendum en árið á undan eða 32 % fækkun.




Tungumál

Sjá má að norskan er ekki eins vinsæl og áður en væntanlega er búið að metta markaðinn fyrir þá sem leituðu út til Noregs í von um starf. Ensku talkennslunámskeið var á árinu og svo kom Spænskan inn aftur eftir langt hlé. Í heild sinni voru haldin 3 tungumálanámskeið á árinu, en með færri þátttakendum frá árinu áður eða 67% fækkun.

Tölvunám

Tölvunám er stór þáttur af stærra námi hjá MSS. En svo eru einstaka námskeið þar sem eingöngu er kennt á tölvur og var töluverð aukning á stökum tölvunámskeiðum þetta árið. Haldin voru 4 sérstök tölvunámskeið með fleiri þátttakendum frá árinu áður eða 16% aukning.




Fjarnám

Það voru um 100 nemendur sem nýttu sér aðstöðu hjá **MSS** til að stunda fjarnám á hvorri önn og var aukning frá árinu áður eða um 29%. Það voru haldin 241 próf í heild sinni fyrir Háskólann á Akureyri, Bifröst, Verslunarskólann, Fjölbraut í Ármúla og Háskóla Íslands. **MSS** hafði umsjón með og sá um undirbúning og yfirsetu fyrir þessi próf.



Útskriftahópur MSS 2013




Fullorðinsfræðsla Fatlaðra

MSS er með samning við Fjölmennt um námskeiðahald fyrir fullorðið fatlað fólk á Suðurnesjum. Starfið er fjölbreytt og ágætlega sótt.

Gott samstarf hefur verið við Björgina geðræktarmiðstöð Suðurnesja og vorum við með námskeið sem heitir Hugur og heilsa og stendur hvert námsekið í fimm vikur.

Á námskeiðinu er farið í hollan lífsstíll, samskipti, sjálfstyrkingu, núvitund, tjáning og framkoma. Einnig fengu nemendur kynningu á námi sem fram fer hjá MSS og Samvinnu, starfsendurhæfingu.

Samtals voru þetta 60 kennslustundir en auk þeirra fengu nemendur viðtal hjá sálfræðingi sem starfar í Björginni í byrjun námskeiðs og eftir námið fengu þau viðtal hjá náms og starfsráðgjafa MSS.




Önnur námskeið sem kennd voru á árinu voru myndbandagerði í tölvum, töluð enska, sjálfstyrking og ferilskráargerð. Einnig var farið af stað með Víkinganámskeið og fóru nemendur og skoðuðu klæði, vopn, fóru í Víkingaheima og enduðu svo námskeiðið á ferð til Reykjavíkur þar sem þau skoðuðu Þjóðminjasafnið, landnámsýninguna 871, hittu Víkinga í Víkingafélagi Reykjavíkur og enduðu út að borða á Fjörukránni í Hafnarfirði.

Á hverri vorönn setjum við upp námskeið í tengslum við List án landamæra en MSS á fulltrúa í stjórn Listar án landamæra. Í ár settum við upp leik- og söng námskeið og síðan var afrakstur þess námskeiðs sýndur í tveim sýningum í húsnæði Leikfélags Keflavíkur fyrir fullu húsi.

Náms og starfsráðgjöf

Hjá **MSS** eru starfandi tveir náms- og starfsráðgjafar, þær Anna Lóa Ólafsdóttir og Jónína Magnúsdóttir og eru helstu verkefni þeirra ráðgjöf til einstaklinga og hópa, kennsla í námstækni og sjálfstyrkingu, raunfærnimat og skipulag/hönnun námskeiða.

MSS hefur sífellt verið að þróa ráðgjöfina þegar kemur að atvinnuleitendum. Þær breytingar sem eru hvað minnst stæðastar frá árinu 2013 eru einstaklingsviðtölin sem var bætt inn í starfsleitarnámskeiðin. Það hefur gengið misjafnlega að leiðbeina atvinnuleitendum um nám og störf en reynslan hefur sýnt að fleiri en eitt viðtal þarf til að viðkomandi „bíti“ á agnið. Fyrsta viðtal fer oft í að mynda traust og vekja áhuga en til að fylgja því eftir er best að viðkomandi komi aftur.



Hópráðgjöf hefur verið umfangsmikil á árinu eins og oft áður. Um er að ræða hópráðgjöf fyrir Starf (vinnumiðlun og ráðgjöf) og VMST. Hópráðgjöfin er skipulögð í 6 x 3 klst yfir tveggja vikna tímabil. Unnið er bæði með einstaklingum og í hóp en þátttakendur fá 2-3 einstaklingsviðtöl meðan á námskeiðinu stendur og svo eitt viðtal tveimur mánuðum eftir lok námskeiðsins. Anna Lóa tók þátt í Insight - Leonardó verkefninu fyrir hönd MSS og afurðin er hluti af þessari hópráðgjöf.

Samstarf við VMST og STARF

Gott samstarf er á milli stofnananna og ef eitthvað kemur upp á gengur greiðlega að finna lausnir á vandanum þar sem allir leggjast á eitt. Haustið 2013 varð aukning á starfsleitarnámskeiðum fyrir VMST. Einnig voru haldin starfsleitarnámskeið í hópum fyrir Starf eins og á síðasta ári.

Raunfærnimat

Tvö raunfærnimatsverkefni voru unnin hjá MSS á árinu 2013. Raunfærnimat í matartækni fór fram á vorönninni. Sex konur tóku þátt og eru fjórar þeirra að byrja í MK í sérgreinunum í haust. Á haustönninni var raunfærnimatið í Verslunarfagnami. Auðveldlega gekk að fá þátttakendur og skráðu 12 manns sig í ferlið og 10 luku því. Nokkrir þeirra stefna á áframhaldandi nám.

MSS sinnti einnig undirbúningi fyrir útboð í tvö raunfærnimatsverkefni í tengslum við IPA. Annars vegar tölvuþjónustubraut í samvinnu við Fjölbautaskóla Suðurnesja og hins vegar fiskveiðar og fiskeldi í samstarfi við Fisktækniskóla Íslands. MSS bauð í tvö IPA verkefni á árinu og fékk annað þeirra, tölvuþjónustubrautina. Reynslan hefur sýnt að kynningar á vinnustöðum virka vel og sýndi það sig í raunfærnimatinu.

Helstu samstarfsaðilar ráðgjafa í því að ná til ráðþega eru Samvinna starfsendurhæfing, Starf vinnumiðlun og ráðgjöf, Vinnumálstofnun, Virk, Heilbrigðisstofnun Suðurnesja, starfsfólk MSS o.fl. Báðir ráðgjafar sinna kennslu meðfram ráðgjöfinni og kenna á námsleiðum og námskeiðum MSS ásamt því að kenna hjá Samvinnu starfsendurhæfingu. Ráðgjafar hafa líka kennt á námskeiðum hjá fyrirtækjum á svæðinu og má þar nefna hjá IGS, ITS, Grindavíkurbæ, Reykjanesbæ og HSS.

Nemar

Tveir nemar eru hjá MSS veturinn 2013-14. Þær eru að klára meistaranám í náms- og starfsráðgjöf vorið 2014. Þær voru mikið í áheyrn haustið 2013 en á vorönninni 2014 taka þær þátt í starfi MSS af fullum krafti.



Samantekt

Ráðgjafar MSS og annað starfsfólk leggur sig fram við að sinna þeim sem þangað leita. Til þess að slíkt geti átt sér stað skiptir máli að skoða og endurmeta aðkomu okkar að ráðgjöfinni og sjá hvar við getum bætt okkur. Langtíma atvinnuleysi er staðreynd hér á Suðurnesjum og það hefur kallað á viðbrögð af okkar hálfu. Viðtölin eru þyngri nú en áður og fleiri sem upplifa vonleysi og hafa litla von um bjarta framtíð. Þannig skiptir höfuðmáli að náms- og starfsráðgjafar MSS séu meðvitaðir um það sem er að gerast í samfélaginu hverju sinni og bregðast við eftir því sem við á.

Fyrirtækjaþjónusta

MSS þjónustar fyrirtæki á Suðurnesjum með margvíslegum hætti. Helst ber að nefna þá þjónustu sem **MSS** býður upp á í samstarfi við Starfsafl sem ber heitið Fræðslustjóri að láni.

Með þjónustunni Fræðslustjóri að láni starfar Markviss ráðgjafi MSS með starfsfólki fyrirtækis, vinnur að þarfa- greiningu fyrir námskeiðþörf fyrirtækisins og leggur fram fræðsluáætlun fyrir fyrirtækið þegar verkinu lýkur. Vinnan er kostuð af Starfsafl og krefst eingöngu vinnuframlags af fyrirtækinu.



MSS hefur jafnframt sótt um styrki í starfsmenntasjóði fyrir hönd fyrirtækja fyrir styttri námskeið og hefur sú þjónusta aukist til muna og fleiri fyrirtæki farin að notfæra sér þessa þjónustu. Mörg fyrirtæki hafa í kjölfarið verið með fasta stefnu í námskeiðahaldi. Dæmi um fyrirtæki sem nýta sér þessa þjónustu MSS eru Airport Associated, IGS og Skólamat.

MSS hefur starfað með Starfsmennt að tilkomu Fríhafnarskólans sem haldinn er fyrir starfsfólk fríhafnar FLE. Þar hefur MSS komið að almennri skrifstofuþjónustu við skólann auk leigu á húsnæði. Hefur skólinn tekist mjög vel og hlaut í janúar 2013 Starfsmenntaverðlaun SAF.

MSS hefur starfað með Bifröst að tilkomu Samkaupas- kólans sem haldinn er fyrir starfsfólks Samkaupa á Suðurnesjum. Þar hefur MSS komið að almennri skrif- stofuþjónustu við skólann, auk leigu á húsnæði.

MSS hefur haldið fyrirlestra fyrir ýmis fyrirtæki og stofn- anir s.s. ITS, IGS, Samkaup, leikskólana í Reykjanesbæ, ISAVIA og Skólamat.

Fyrir utan hin hefðbundnu fyrirtæki hefur MSS þjónustað Grindavíkurbæ með fyrirlestra og fundarstjórn á starfs- degi sveitarfélagsins.

Erlent samstarf

Leonardo Transfer of Innovation – INSIGHT

Haustið 2011 hóf MSS tveggja ára samstarfsverkefni með 6 öðrum löndum um verkefni sem ber nafnið INSIGHT. Verkefnið snýr að því að þróa tæki sem nýtist í vinnu með atvinnulausum. Því er stýrt frá Búlgaríu og Englandi. Verkefnið miðar að því að þróa verkfæri sem á að hjálpa þeim, sem hvað höllustum fæti standa í atvinnuleitinni, við að auka sjálfstraust, sjálfspekkingu, eða auka starfs-hæfni og jákvæðni gagnvart því að afla sér nýrrar færni. Markhópur verkefnisins er atvinnuleitendur yngri en 25 ára, atvinnuleitendur eldri en 45 ára, innflytjendur og börn þeirra og einstaklingar sem þarfnast félagslegra úrræða. Þá eru ráðgjafar einnig inni í markhópnum sem leiðbeinandi aðilar á námskeiði. Verkefninu lauk í nóvember 2013. Unnið er áfram með afurð verkefnisins á námskeiðum fyrir atvinnuleitendur undir heitinu Insight.

Grundtvig – LIME

MSS hóf 2ja ára verkefni, LIME, með 7 öðrum samstarfs-löndum árið 2011. Markmiðið með verkefninu er að miðla upplýsingum um fræðslu til innflytjenda meðal samstarfslandanna s.s. bera saman námsefni og aðferðir sem notaðar eru í hverju landi. Verkefninu er stýrt frá Finnlandi. Haldnir voru tveir fundir á árinu í Hollandi og í Finnlandi. Verkefninu lauk í júní 2013.



Leonardo – CAPWIN

MSS hóf 2ja ára verkefni, CAPWIN, með 7 öðrum samstarfslöndum árið 2013. Markmiðið með verkefninu er að sporna við brottfalli nemenda á hvaða skólastigi sem er með áherslu á eigin ákvarðanatöku og ábyrgð. Innleidd verður aðferð sem nýtist fagfólki sem vinnur með brottfallsnemendum og snýr að greiningu ákvarðanatöku og því að sjá sjálfan sig sem virkan geranda í eigin lífi. Verkefninu er stýrt frá Frakklandi. Haldinn var einn fundur á árinu í Frakklandi.

Leonardo – Coach 4 me

MSS hóf 2ja ára verkefni, Coach 4 me, með 5 öðrum samstarfslöndum árið 2013. Markmiðið með verkefninu er að kynna og þróa aðferðir sem geta aðstoðað leiðbeinendur og kennara við að takast á við verkefni, lítil sem stór, sem gætu skapast í kennslustofunni. Verkefninu er stýrt frá Tyrklandi. Haldinn var einn fundur á árinu í Tyrklandi.

Grundtvig workshop- Total Physical Response Workshop

MSS fékk styrk til að halda 5 daga námskeið fyrir 12 erlendaþátttakendur. Yfirskrift námskeiðsins var LÆSI og var unnið með læsishugtakið í hinum víðasta skilningi. Á námskeiðinu, sem ætlað var tungumálakennurum í full-orðinsfræðslu, var áhersla lögð á lifandi kennsluaðferðir og skapandi kennsluhætti. TPR kennsluaðferðin hefur vakið athygli og skapað fólki með námsörðugleika bætta möguleika til náms. Námskeiðið var haldið í nóvember og gekk framur vonum. Verkefninu er lokið.

Starfstöð MSS í Grindavík



Árið 2013 var þriðja ár starfsstöðvar MSS í Grindavík. Færri þátttakendur voru í námskeiðum í Grindavík en á fyrra ári og má telja tvær skýringar helst sem valda. Á fyrra ári fór mikill fjöldi í gegnum FA námsleiðina Grunnnámskeið fyrir fiskvinnslufólk en þá voru haldin átta slík námskeið og þar með mettaðist þörf fyrirtækja fyrir þau að einhverju leyti. Hin skýringin er sú að báðir starfsmenn í Grindavík fóru í fæðingarorlof og var því starfsstöðinni fjarstýrt frá Reykjaneshæ.


Fjölbreytt starfsemi var í Grindavík á árinu í formi námskeiðahalds, fyrirlestra og fyrirtækjapjónustu. Stærsta námsleið FA, Menntastöðir fór af stað í dreifinami í Grindavík haustið 2013 með 17 þátttakendum. Tólmstundanámsskeiðin sem haldin voru í Grindavík á árinu 2013 voru af ýmsum toga, þar má nefna námskeiðin Handmálun og spaði – framhaldsnámskeið, Smurbrauð með Marentzu og Leikjaforritun fyrir krakka á aldrinum 7-10 ára.

MSS sinnir einnig margvíslegri þjónustu við fyrirtæki, eftirfarandi verkefni á fyrirtækjasviði voru í Grindavík á árinu 2013:

Vinnu lauk við fræðsluáætlun með Grindavíkurbæ fyrir starfsmenn sveitarfélagsins í heild þar sem unnið var út frá niðurstöðum sem lágu fyrir eftir starfsmannadag sem MSS kom að haustið áður. Einnig hafði MSS umsjón með öðrum starfsmannadegi fyrir Grindavíkurbæ í september 2013 og var hann haldinn í Mosfellsbæ. Þátttakendur á þeim starfsmannadegi voru 130 talsins.

Í samstarfi við Heilbrigðisstofnun Suðurnesja var fyrirlesturinn Öll dýrin í skóginum haldinn á haustmánuðum 2013 í Víðihlíð í Grindavík. Á fyrirlesturinum var fjallað um samstarf og samskipti á vinnustað og hvað sé vænlegast til árangurs í þeim efnum. Fyrirlesturinn er hluti af þjónustu MSS við fyrirtæki og fer fram í húsakynnum fyrirtækjanna.

Hjá Vísi hf. voru haldin þrjú námskeið á vinnustað, tvö starfstengd annars vegar Grunnnámskeið fyrir fiskvinnslufólk sem er kennt samkvæmt FA námskrá og hins vegar var kennd skyndihjálpi fyrir stjórnendur og skrifstofufólk. Þriðja námskeiðið hjá Vísi hf. fellur undir flokk tólmstundanámsskeiða og var það Heilsumatreiðsla með Lukku á Happ.




Önnur starfstengd námskeið sem þó eru ekki tengd ákveðnum fyrirtækjum eru sjúkraliðanámsskeiðin, MSS hefur reynt að deila þeim á svæðið þannig að tvö slík námskeið séu í boði í Reykjaneshæ og eitt í Grindavík hverja önn en er það þó háð því að lágmarkspátttakendafjöldi sé náð í hvert námskeið. Á árinu 2013 var eitt fagnámsskeið fyrir sjúkraliða haldið í Grindavík, námskeiðið fjallaði um Alzheimer og voru þátttakendur 24.

Þróunarverkefni

Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum er virkur þátttakandi í þróunarverkefnum á sviði framhaldsfræðslunnar. Flest verkefni eru samstarfsverkefni styrkt af þróunarsjóðum.

Eftirfarandi verkefnum var unnið að á árinu

Fagnámskeið fyrir ófaglært starfsfólk á leikskólum í fjárnámi. Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum, Fræðslunet Suðurlands, Farskólinn og Fræðslumiðstöð Vestfjarða fóru af stað með fjarnám í fagnámskeiðum fyrir ófaglært starfsfólk á leikskólum. Nemendur voru á öllum stöðum sem og kennarar. Verkefnið er styrkt af Þróunarsjóði framhalds-fræðslunnar. Verkefnið hófst haustið 2012 og lauk á árinu 2013.



Matarsmiðja fyrir útlendinga

Markmið smiðjunnar er að auka og bæta hagnýtan íslensku orðaforða fólks af erlendum uppruna. Þar sem reynt er að tengja vinnu við matvæli og íslenskukennslu. Í námskeiðinu er lögð áhersla á að þátttakendur öðlist þekkingu á grunnatriðum í umgengni við matvæli s.s. einfalda matreiðslu, upphitun, æskilegt hitastig, framreiðslu matar og varðveislu matvæla. Verkefnið er styrkt af Mennta- og menningarmálaráðuneytinu. Verkefninu lauk á árinu 2013.

Kvikmyndasmiðja

Markmið verkefnisins er að halda áfram þróun á námsframboði í framhaldsfræðslu og skapa tengingu á milli skólastiga þannig að nemandinn eigi greiða leið úr framhaldsfræðslunni inn í formlega skólakerfið eða í nám sem veitir honum réttindi. Markmið með þessu verkefni er að þróa nám í framhaldsfræðslu í Kvikmyndavinnslu sem tryggir að þátttakendur uppfylli inngönguskilyrði í Kvikmyndaskóla Íslands. Verkefnið er styrkt af Þróunarsjóði framhaldsfræðslunnar og Mennta- og menningarmálaráðuneytinu. Verkefnið hófst haustið 2012 og lauk á árinu 2013.

Hljóðsmiðja

Markmið verkefnisins er að halda áfram þróun á námsframboði í framhaldsfræðslu og skapa tengingu á milli skólastiga þannig að nemandinn eigi greiða leið úr framhaldsfræðslunni inn í formlega skólakerfið eða í nám sem veitir honum réttindi. Markmið með þessu verkefni er að þróa nám í framhaldsfræðslu í Hljóðvinnslu sem tryggir að þátttakendur uppfylli inngönguskilyrði í Hljóð-tækninám hjá Tækniskólanum. Verkefnið er styrkt af Þróunarsjóði framhaldsfræðslunnar. Verkefnið hófst haustið 2012 og lauk á árinu 2013.

Tækninám

Verkefnið snýst um að búa til stutt tækninám sem hefur það að markmiði að efla námsáhuga, hvetja einstaklinga til að skoða tækninám og gera tækninám að raunhæfum möguleika fyrir einstaklinga með litla formlega skólagöngu að baki. Samstarfsaðilar eru Fjölbrautaskóli Suðurnesja og Keilir. Verkefnið er styrkt af Þróunarsjóði framhaldsfræðslunnar og Mennta- og menningarmálaráðuneytinu. Verkefnið hófst haustið 2012 og lauk á árinu 2013.

Greining á þekkingarþörf á Suðurnesjum

Markmið greiningar er að komast að þekkingar þörf atvinnulífs á Suðurnesjum til næstu 10 ára. Hvernig brúa á þekkingarbil milli þarfa atvinnulífs og vinnuafls. Verkefnið er styrkt af Mennta- og menningar-málaráðuneytinu. Verkefnið hófst haustið 2012 og lauk á árinu 2013.

Greining á þekkingarþörf meðal fatlaðra á Suðurnesjum

Markmið verkefnis er að greina markhóp fullorðinsfræðslu fatlaðra á Suðurnesjum. Mikilvægt er að skapa fötluðu fólki aðstöðu til sí- og endurmenntunar til að uppfylla þarfir þess og væntingar til náms. Því er mikilvægt að fyrirliggi fjöldi í markhóp, tegund fötlunar og væntingar og löngun í nám. Einnig verða skoðaðar þær leiðir í almennu námi sem fatlaðir geti nýtt sér. Verkefnið er styrkt af Mennta- og menningarmálaráðuneytinu. Verkefnið hófst haustið 2012 og lauk á árinu 2013.

Félagsliðabréf í fjarnámi

Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum og Fræðslunet Suðurlands fóru af stað með fjarnám í félagsliðabréf. Nemendur voru á bæði á Suðurlandi og Suðurnesjum. Kennt var líka frá báðum stöðunum. Verkefnið er styrkt af Þróunarsjóði framhaldsfræðslunnar. Verkefnið hófst haustið 2012 og lauk á árinu 2013.

Íslenska 6 þróunarverkefni.

Þróað var námskeið sem ætlað er að vera stig á milli íslensku 1-5 og Grunnmenntaskóla, Menntastoða eða annarra námsleiða. Kennsluaðferðir og verkefni miða að því að nemendur öðlist tiltekinn grunn í íslensku sem gagnast þeim í áframhaldandi bóklegu námi. Náms efni er byggt á textum um fjölbreytt efni valið af kennara og nemendum. Tilrauna námskeið var haldið og voru það 8 nemendur sem útskrifuðust úr þeim áfanga og nýttist námið þeim vel. Verkefninu lauk á árinu 2013.

Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum

Ársreikningur 2013



MIDSTÖÐ SÍMENNTUNAR
Á SUÐURNESJUM

Efnisyfirlit

Áritun óháðs endurskoðanda	2
Skýrsla stjórnar	3
Rekstrarreikningur	4
Efnahagsreikningur	5
Yfirlit um sjóðstreymi	6

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og hluthafa Miðstöðvar símenntunar á Suðurnesjum ses.

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Miðstöðvar símenntunar á Suðurnesjum ses. fyrir árið 2012. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Ábyrgð stjórnenda á ársreikningnum

Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Samkvæmt því ber þeim að skipuleggja, innleiða og viðhalda innra eftirliti sem varðar gerð og framsetningu ársreiknings, þannig að hann sé í meginatriðum án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Ábyrgð stjórnenda nær einnig til þess að beitt sé viðeigandi reikningsskilaaðferðum og reikningshaldslegu mati miðað við aðstæður.

Ábyrgð endurskoðanda

Ábyrgð okkar felst í því álit sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum og skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fái um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðun felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og skýringum í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggir á faglegu mati endurskoðandans, meðal annars á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka. Við áhættumatid er tekið tillit til þess innra eftirlits félagsins sem varðar gerð og framsetningu ársreikningsins, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits fyrirtækisins. Endurskoðun felur einnig í sér mat á þeim reikningsskilaaðferðum og matsaðferðum sem stjórnendur nota við gerð ársreikningsins sem og mat á framsetningu hans í heild.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Álit

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2013, efnahag þess 31. desember 2013 og breytingu á handbæru fé á árinu 2013, í samræmi við lög um ársreikninga.

Reykjanesbær, 7. apríl 2014

Deloitte ehf.


Anna Birgitta Geirfinnsdóttir

endurskoðandi

Staðfesting stjórnar

Ársreikningur Miðstöðvar símenntunar á Suðurnesjum ses. fyrir árið 2013 er gerður í samræmi við lög um ársreikninga.

Markmið Miðstöðvar símenntunar á Suðurnesjum er að efla endur- og símenntun Suðurnesjamanna, samstarf atvinnulífs og skóla og tengsl grunn- og endurmenntunar. Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum býður einstaklingum, fyrirtækjum og stofnunum námskeið sem ekki heyra beint undir formlegt námsframboð skóla og er hér einkum átt við frístundanám og starfstengd námskeið og námskeiðaraðir. Kennslu í Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum er hagað þannig að hún hæfi fullorðnum.

Hagnaður Miðstöðvar símenntunar á Suðurnesjum ses. á árinu 2013 nam kr. 8.982.429. Samkvæmt efnahagsreikningi nema eignir félagsins kr. 132.069.324, bókfært eigið fé í árslok er kr. 107.629.131 og er eiginfjárhlutfall félagsins 81,5% samanborið við 89,0% í ársbyrjun.

Stjórn félagsins vísar í ársreikninginn um breytingar á eigin fé félagsins og ráðstöfun hagnaðar.

Það er álit stjórnar og forstöðumanns Miðstöðvar símenntunar á Suðurnesjum ses. að í ársreikningi þessum komi fram allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu félagsins í árslok, rekstrarárangri ársins og fjárhagslegri þróun á árinu. Stjórn og forstöðumaður Miðstöðvar símenntunar á Suðurnesjum ses. staðfesta hér með ársreikning félagsins fyrir árið 2013 með undirritun sinni.

Reykjanesbær, 7. apríl 2014

Í stjórn


Sigurður Guðlaugsson
stjórnarformaður


Guðbrandur Einarsson


Kristján Ásmundsson


Ellert Eiríksson


Kristín María Birgisdóttir

Forstöðumaður


Guðjónína Samundsdóttir

Rekstrarreikningur ársins 2013

	Skýr.	2013	2012
Rekstrartekjur		200.366.986	200.593.264
Aðrar tekjur		3.378.787	2.485.120
Laun og annar starfsmannakostnaður	3	(88.077.598)	(97.032.683)
Annar rekstrarkostnaður		(100.786.284)	(109.957.981)
Afskriftir fastafjármuna	6	(8.103.713)	(10.335.039)
Rekstrarhagnaður (tap) fyrir skatta		6.778.178	(14.247.319)
Fjármunatekjur	4	3.343.876	3.142.491
Fjármagnsgjöld	5	(1.139.625)	(572.669)
Hagnaður (tap) ársins		8.982.429	(11.677.497)

Efnahagsreikningur 31. desember 2013

Eignir	Skýr.	31.12.2013	31.12.2012
Fastafjármunir			
Varanlegir rekstrarfjármunir	6	18.492.794	24.356.857
Fjárfestingarverðbréf	7	100.000	100.000
		<u>18.592.794</u>	<u>24.456.857</u>
Veltufjármunir	8		
Viðskiptakröfur		7.273.701	5.775.767
Aðrar skammtímakröfur		179.624	180.844
Handbært fé		106.023.205	80.465.632
		<u>113.476.530</u>	<u>86.422.243</u>
Eignir		<u>132.069.324</u>	<u>110.879.100</u>
Eigið fé og skuldir			
Eigið fé	9		
Óráðstafað eigið fé		107.629.131	98.646.702
Eigið fé		<u>107.629.131</u>	<u>98.646.702</u>
Skammtímaskuldir	10		
Viðskiptaskuldir		5.686.772	7.248.732
Aðrar skammtímaskuldir		18.753.421	4.983.666
Skuldir		<u>24.440.193</u>	<u>12.232.398</u>
Eigið fé og skuldir		<u>132.069.324</u>	<u>110.879.100</u>

Yfirlit um sjóðstreymi ársins 2013

	Skýr.	2013	2012
Rekstrarhreyfingar			
Rekstrarhagnaður (-tap)		6.778.178	(14.247.319)
Afskriftir	6	8.103.713	10.335.039
Óbein niðurfærsla viðskiptakrafna, breyting		(592.125)	(25.069)
Veltufé frá (til) rekstrar án vaxta		14.289.766	(3.937.349)
Aðrar rekstrartengdar eignir (hækkun), lækkun		(904.589)	7.439.248
Rekstrartengdar skuldir, hækkun		12.207.795	7.678.242
Handbært fé frá rekstri án vaxta		25.592.972	11.180.141
Innborgaðir vextir og arður		3.343.876	3.142.491
Greiddir vextir		(1.139.625)	(572.669)
Handbært fé frá rekstri		27.797.223	13.749.963
Fjárfestingahreyfingar			
Keyptir/seldir varanlegir rekstrarfjármunir	6	(2.239.650)	(1.553.985)
		(2.239.650)	(1.553.985)
Fjármögnunarhreyfingar			
		0	0
Hækkun handbærs fjár		25.557.573	12.195.978
Handbært fé í upphafi árs		80.465.632	68.269.654
Handbært fé í lok árs	8	106.023.205	80.465.632
Aðrar upplýsingar			
Veltufé frá (til) rekstrar	14	16.494.017	(1.367.527)